

rétt á frekari greiðslum úr hendi stefnda vegna hins tímabundna tjóns.

Vexti af hinni tildæmdu fjárhæð ber stefnda að greiða, svo sem krafist hefur verið, enda hefur upphafstíma þeirra ekki verið mótmælt sérstaklega.

Stefndi greiði stefnandanum Þorkeli Valdimarssyni kr. 950.000 í málskostnað.

D ó m s o r ð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík fyrir hönd borgarsjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnandans Valdimars Þórðarsonar í máli þessu, en málskostnaður fellur niður að því er þennan stefnanda varðar.

Stefndi greiði stefnandanum Þorkeli Valdimarssyni kr. 8.000.000 með 43.5% ársvöxtum frá 20. maí 1980 til 1. júní s. á., 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma, og kr. 950.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 14. apríl 1983.

Nr. 228/1982. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Snæbirni Björnssyni

(Jón Oddsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason og Björn Sveinbjörnsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Páll Björnsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu var að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 13. október 1982. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði þyngd. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var lýst yfir því af hálfu ákæruvalds, að felldar væru niður úr ákæru tilvitnanir í áfengislög, þ. e. 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. laga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 14. janúar sl.

Fyrir dómi hefur ákærði neitað því, að hann hafi fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðar í ökuferðinni að kvöldi 10. nóvember og aðfaranótt 11. nóvember 1980. Þegar vitnin Bjarki Jóhannesson og Ásmundur Sigurðsson, sem voru með ákærða í ökuferð þessari, komu fyrir dóm, báru þeir báðir, að þeir hefðu ekki séð áfengisáhrif á ákærða í umrætt skipti og ekki séð hann neyta áfengis. Tvö önnur vitni, sem ákærði hitti að kvöldi 10. nóvember, hafa komið fyrir dóm og einnig skýrt svo frá, að þau hafi ekki séð áfengisáhrif á ákærða. Er þetta rakið í héraðsdómi.

Engar upplýsingar eru í gögnum málsins um það, hvenær eða hvar ákærði var handtekinn. Ekki var honum tekið blóð til alkóhól-ákvörðunar, en slík rannsókn kynni að hafa getað veitt upplýsingar um, hvort hann hefði verið undir áhrifum áfengis nóttina áður. Engin lýsing er á því, hvort ákærði hafi borið einhver merki ölvunar eða undanfarandi ölvunar, þegar hann var handtekinn.

Með hliðsjón af því, sem nú er rakið, þykir gegn neitun ákærða varhugavert að telja fyllilega sannað, að hann hafi neytt áfengis við akstur bifreiðar í áðurgreindri ökuferð eða verið undir áhrifum áfengis, meðan á akstri stóð. Ber því að sýkna hann af ákæru um brot á 1. og 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Ákærði var sviptur ökuleyfi, er hann fór í margnefnda ökuferð. Með akstri sínum í ferð þessari hefur hann gerst brotlegur við 1. mgr. 27. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga, og þykir refsing hans samkvæmt 80. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 54/1976, hæfilega ákveðin 6.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og laun

skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Snæbjörn Björnsson, greiði 6.000.00 króna sekt, er renni í rikissjóð, og afplánist sektin með 10 daga varðhaldi, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Árnassýslu 7. apríl 1982.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað með ákæru rikissaksóknara, dags. 22. desember 1980, á hendur Snæbirni Björnssyni, Úlfjótavatni í Grafningi, fæddum 13. september 1958 í Reykjavík, „fyrir að aka mánudagskvöldið 10. nóvember 1980 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum bifreiðinni X 3998 frá Efstadal í Laugarðalshreppi, Árnassýslu, að Austurvegi þar í hreppnum og síðan um miðnætti þaðan að Laugarvatni og þar um þorpið og loks að Efstadal aftur og fyrir að hafa neytt áfengis við aksturinn.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfis sviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Þriðjudaginn 11. nóvember 1980, kl. 0120, hringdi skólastjóri Húsmeðraskóla Suðurlands á Laugarvatni til lögreglunnar á Selfossi og tilkynnti um, að bifreiðinni X 3898 hafi verið ekið um Laugarvatn á mjög vítavörðan hátt.

Lögregluþjónar fóru þegar á Laugarvatn, en þegar þeir komu þangað, var bifreiðin X 3898 farin frá Laugarvatni.

Þarna á Laugarvatni hittu lögregluþjónarnir vitnið Val Þorvaldsson, ráðunaut á Selfossi, sem sagði þeim, að bifreiðinni X 3898 hafi verið ekið á mjög vítaverðan hátt um Laugarvatn, og sagði Valur, að merki eftir akstur bifreiðarinnar sæjust á gróðri þarna á Laugarvatni. Þá sagði Valur, að þeir menn hefðu verið í bifreiðinni X 3898, og sagði Valur, að bifreiðinni hafi verið ekið austur úr byggðinni á Laugarvatni og hefði hann og fleiri reynt að fylgjast með ferðum hennar, en tapað af henni.

Lögregluþjónarnir leituðu bifreiðarinnar X 3898, svo sem kostur var, um Laugardal og inn að Efstadal og um Grímsnes, en bifreiðin fannst ekki.

Samkvæmt skráningu er eigandi bifreiðarinnar ákærði í máli þessu, Snæbjörn Björnsson, Úlfjótsvatni í Grafningi, en lögregluþjónunum tókst ekki að hafa upp á ákærða þá um nóttina, þó þeir færu að Úlfjótsvatni.

Ákærði var yfirheyrður vegna þessa máls þriðjudaginn 11. nóvember 1980, kl. 1235, og skýrði ákærði þá svo frá, að það hafi verið um kl. 0400 daginn áður, að hann hafi komið að Efstadal frá Úlfjótsvatni á bifreið sinni, X 3898, en um kl. 1800 hafi hann og Ásmundur Sigurðsson í Efstadal farið að drekka áfengi, en Ásmundur hafi átt talsvert af áfengi, aðallega vodka, og sagði ákærði, að þeir Ásmundur hefðu drukkið alls tvo litra af sterku áfengi þá um kvöldið og nóttina, en ákærði sagði, að þeir hefðu farið frá Efstadal að Austurey í Laugardal um kl. 2130 - 2200 um kvöldið á bifreiðinni X 3898, og kvaðst ákærði hafa ekið bifreiðinni, og sagði ákærði, að þá hefðu þeir Ásmundur verið vel „mjúkir“, en ekki fullir.

Ákærði sagði, að þeir hefðu dvalið í Austurey fram undir miðnætti, en þá hefðu þeir farið að Laugarvatni og þá hafi vitnið Bjarki Jóhannesson farið með þeim, en þeir hefðu farið beina leið að Húsmæðraskóla Suðurlands og kallast þar á við stelpurnar inn um glugga skólans, en síðan kvaðst ákærði hafa ekið hring á staðinu úti fyrir og upp á götuna, og kvaðst ákærði þá hafa óviljandi ekið niður staura í grindverkinu við aðalveginn, en síðan kvaðst hann hafa ekið á tvö grindverk að gamni sínu, en þetta kvaðst hann aðeins hafa gert, af því að hann hafi verið undir áfengisáhrifum.

Ákærði kvaðst verða að viðurkenna, að hann hafi verið alveg orðinn blindfullur, þegar að hann var þarna á Laugarvatni. Ásmundur hafi líka ábyggilega verið fullur, en ákærði kvaðst hugsa, að Bjarki gæti ekki hafa verið mjög drukinn, því hann hafi byrjað svo miklu seinna að drekka en þeir Ásmundur.

Ákærði kvaðst ekki hafa haft ökuréttindi, þegar þessi akstur fór fram, þar sem hann hafi verið sviptur ökuréttindum þá um sumarið vegna ölvunaraksturs.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna þessa máls þann 4. júní 1981, og skýrði ákærði þá svo frá, að þegar lögreglurannsókn fór fram í máli þessu þann 11. nóvember 1980, hafi hann verið yfirheyrður af Jóni I. Guðmundssyni yfirlögregluþjóni og síðan af Tómasi Jónssyni varðstjóra, sem hafi skráð lögregluskýrsluna, sem tekin var af ákærða við upphaf rannsóknar máls þessa.

Ákærði sagði, að Jón hafi talað við sig einslega í skrifstofu Jóns á lögreglustöðinni á Selfossi. Ákærði sagði, að Jón hafi við þetta tækifæri sagt við sig: „Ég veit, að Ásmundur keyrði ekki, og þú ókst“, og jafnframt hafi Jón sagt við ákærða, að hann ætti að vera maður til þess að viðurkenna að hafa ekið bifreiðinni. Ákærði kveðst þá hafa viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni X 3898 þrátt fyrir að hafa verið sviptur ökuleyfi.

Ákærði sagði, að Jón hafi, þegar hér var komið sögu, farið að tala um, að þeir félagar hefðu haft vín um hönd í bifreiðinni um nóttina og ákærði hafi verið ölvaður við akstur bifreiðarinnar, og sagði ákærði, að Jón hafi haldið þessu svo ákveðið fram og hagað orðum sínum á þann veg, að ákærði hafi verið farinn að lita svo á, að það væri sér helst til málsbóta að hafa verið ölvaður við aksturinn og hafi hann í þessu hugarástandi sagt Jóni, að hann hafi verið ölvaður við akstur bifreiðarinnar X 3898 þá um nóttina. Ákærði sagði, að þegar hann hefði verið búinn að játa fyrir Jóni, hafi Jón kallað á Tómas og hafi hann þá endurtekið fyrir Tómasi játningar sínar, en Tómas hafi skráð eftir honum skýrsluna, sem ákærði hafi skrifað undir í viðurvist votts.

Aðspurður sagðist ákærði hafa haft beyg af Jóni, sem hafi gert ákærða drulluhræddan, en ákærði kvaðst þó ekki geta sagt, að Jón hafi beitt sig hótunum eða þvingunum, en þó hafi sér þótt vissara að láta að hans vilja.

Aðspurður kvað ákærði Jón ekki hafa hótað að setja ákærða eða félagana hans í fangageymslu, en ákærði sagði, að Jón hafi sagt, að þeir félagar yrðu kyrrsettir, meðan málið væri í rannsókn, og kvaðst ákærði hafa skilið þessi orð svo, að þeir félagar yrðu lokaðir inni í fangageymslu. Þá kvaðst ákærði hafa verið „bláedrú“ við akstur bifreiðarinnar X 3898 aðfaranótt 11. nóvember 1980, og kvaðst hann draga til þaka þann þátt skýrslu sinnar fyrir lögreglunni 11. nóvember 1980, sem fjallar um áfengisneyslu ákærða og ölvun við akstur bifreiðarinnar X 3898, en ákærði sagði, að hann hafi verið nýlega búinn að breyta bifreiðinni X3898, áður en umræddur akstur átti sér stað þann 11. nóvember 1980, og sagði ákærði, að þetta væri skýringin á ökulagi hans.

Ákærði kom aftur hér fyrir dóminn 22. desember sl., og neitaði hann þá enn að hafa verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar X 3898 þann 11. nóvember 1980. Þegar ákærði var spurður um það, hvers vegna skýrsla hans fyrir lögreglunni þann 11. nóv. 1980 væri í svo veiga-

miklum atriðum í mótsögn við framburð hans fyrir dómi, sagði ákærði, að það væri vegna þess, að Jón Guðmundsson yfirlögregluþjónn hafi hótad að loka þá félaga inni, þegar lögregluýfirheyrslur stóðu yfir. Þá sagði ákærði, að ekki væri rétt bókað eftir sér í þinghaldinu 4. júní sl., þar sem haft var eftir ákærða, að Jón Guðmundsson yfirlögregluþjónn hefði sagt, að þeir félagar yrðu kyrrsettir, meðan lögreglurannsókn færi fram, en ákærði sagði, að hið rétta væri, að Jón hafi sagt, að þeir félag yrðu lokaðir inni, þar til málið væri rannsakað.

Þá sagði ákærði að við yfirheyrslur fyrir lögreglu þann 11. nóvember 1980 hafi honum ekki verið bent á, að hann gæti fengið sér skipaðan réttargæslumann.

Vitnið Ásmundur Sigurðsson, Efstadal, Laugardalshreppi í Árnessýslu, fæddur 23. október 1958, var yfirheyrt fyrir lögreglunni þann 11. nóvember 1980.

Vitnið skýrði svo frá, að ákærði hafi komið heim til vitnisins í Efstadal um kl. 1530 þann 10. nóvember og hafi ákærði komið á bifreið sinni og verið í Efstadal til kl. 2100 - 2130 um kvöldið, en þá hefðu vitnið og ákærði farið saman í bifreið ákærða að Austurey í Laugardal og þar hefðu þeir verið fram undir miðnætti og neytt þar lítils háttar áfengis, að því er vitnið taldi einn tvöfaldan sjúss á mann, blandað í kók. Vitnið sagði, að þeir félagar hefðu síðan farið frá Austurey um miðnættið og farið að Laugarvatni, og sagði vitnið, að ákærði hafi þá ekið bifreið sinni, en eftir að ákærði hafði ekið um byggðina á Laugarvatni, hefðu þeir félagar haldið aftur að Efstadal og verið komnir þar um kl. 0300.

Vitnið Ásmundur Sigurðsson kom hér fyrir dóminn 4. júní sl., og sagði þá vitnið, að það teldi, að ákærði hafi ekki verið ölvaður við akstur bifreiðarinnar X 3898 að kvöldi 10. nóvember og aðfaranótt 11. nóvember 1980. Vitnið kvaðst hvorki hafa séð ákærða neyta áfengis að kvöldi 10. nóvember né aðfaranótt 11. nóvember, og kvaðst vitnið ekki vita til þess, að ákærði hafi neytt áfengis, áður en fundum þeirra bar saman um kl. 1800 þann 9. nóvember. Þá kvaðst vitnið ekki geta gefið skýringu á því, hvers vegna það hafi ekki tekið þetta fram, þegar það gaf skýrslu sína fyrir lögreglunni þann 11. nóvember 1980.

Vitnið kvaðst aðspurt ekki hafa verið beitt harðræði við yfirheyrslu hjá lögreglunni vegna þessa máls. Þá kvaðst vitnið ekki vita, hvers vegna ákærði væri að játa á sig ölvunarakstur, en skýrsla ákærða fyrir lögreglunni þann 11. nóvember 1980 væri hrein fásinna.

Vitnið Bjarki Jóhannesson, Furugrund 20 í Kópavogi, fætt 1. apríl 1963, var yfirheyrt fyrir lögreglunni þann 11. nóvember 1980, og skýrði vitnið svo frá, að það hafi verið statt í Austurey í Laugardal kl. 2300 þann 10.

nóvember 1980 og hefðu þá ákærði og vitnið Ásmundur Sigurðsson komið þangað, og sagði vitnið, að það hafi séð, að þeir ákærði og Ásmundur voru báðir undir áfengisáhrifum, en vitnið kvaðst ekki geta sagt um, hve ölvaðir þeir hefðu verið. Vitnið sagði, að það og vitnið Ásmundur og ákærði hefðu farið saman að Laugarvatni um miðnætti hinn 10. nóvember 1980 á bifreið, sem ákærði ók. Vitnið sagði, að þeir félagar hefðu gert ónæði í Húsmæðraskólanum á Laugarvatni og ákærði hafi ekið um svæðið og brotið eitthvað af girðingum, en síðan hefðu þeir farið að Efstadal og hafi þá klukkan verið um 0300.

Nánar aðspurt sagði vitnið, að þeir félagar hefðu drukkið lítið af áfengi í Austurey, en þegar þeir fóru þaðan, hefðu þeir haft meðferðis ca ½ flösku af áfengisblöndu af tegundinni Smyrnoff og hefðu þeir allir drukkið af því áfengi í ferðinni og hefði það verið búið, þegar þeir komu að Efstadal um nóttina.

Vitnið Bjarki Jóhannesson kom hér fyrir dóminn 4. júní sl., og skýrði það þá svo frá, að ákærði, vitnið Ásmundur Sigurðsson og vitnið Snæbjörn Sigurðsson hefðu komið að Austurey í Laugardal, þar sem vitnið var statt, þann 10. nóvember 1980 á bifreiðinni X 3898 og hefðu þeir félagar allir verið kátir og það gæti verið, að þeir hefðu verið búnir að bragða áfengi, en vitnið kvaðst ekki hafa séð vín á þeim. Þá sagði vitnið, að þeir félagar hefðu dvalið í Austurey í hálfa klukkustund og þá hefðu þeir ekki neytt áfengis, svo vitnið viti. Þá sagði vitnið, að það hafi sagt of mikið, þegar það gaf skýrslu sína fyrir lögreglu þann 11. nóvember 1980, og kvaðst vitnið vilja draga til baka fullyrðingar sínar í lögregluskýrslunni um, að áfengisáhrif hefðu verið á ákærða og Ásmundi Sigurðssyni.

Vitnið sagði, að ákærði hafi ekið frá Austurey að Laugarvatni á bifreiðinni og hefðu þá vitnið og Ásmundur Sigurðsson verið farþegar hans, og kvaðst vitnið hafa neytt áfengis á leiðinni að Laugarvatni, en Ásmundur hafi haft ½ flösku af Smyrnoff vodka, sem blandað var í kók, og sagði vitnið, að það hafi drukkið áfengi þetta með Ásmundi, en ákærði hafi ekki drukkið, svo vitnið sæi.

Vitnið Snæbjörn Sigurðsson, Efstadal í Laugardalshreppi, fætt 17. apríl 1954, kom hér fyrir dóminn 22. des. sl.

Vitnið skýrði svo frá, að það minnstist þess, að það hafi farið með ákærða og Ásmundi, bróður vitnisins, að Austurey í Laugardalshreppi frá Efstadal haustið 1980, en vitnið kvaðst ekki muna nánari tímasetningu. Vitnið sagði, að þeir félagar hefðu farið á bifreið ákærða að Austurey. Vitnið sagði, að það hafi haft áfengi með sér, þegar það fór í framangreinda ferð með ákærða og vitninu Ásmundi, og sagði vitnið, að það hafi haft með sér ca 1 pela af vodka, að því er það minni, en vitnið kvaðst hafa drukkið þetta

vín með Snæbirni Þorkelssyni. Það kvaðst ekki minnast þess, að ákærði eða Ásmundur hafi neytt þessa áfengis, og kvaðst vitnið ekki minnast þess, að aðrir en vitnið hafi verið þarna með áfengi.

Vitnið sagði, að það hafi ekki séð ákærða neyta áfengis, meðan það var með ákærða, hvorki í Efstadal né í Austurey og ekki heldur á meðan á akstrinum stóð milli bæjanna, en ákærði hafi ekið bifreiðinni frá Efstadal að Austurey, en vitnið kvaðst hafa orðið viðskila við þá ákærða, Ásmund og Bjarka Jóhannesson, en þeir hefðu farið á bifreið ákærða frá Austurey, meðan vitnið var stadd í fjárhúsunum í Austurey með Snæbirni Þorkelssyni bónda.

Vitnið Snæbjörn Smári Þorkelsson, Austurey II í Laugardalshreppi, fæddur 23. apríl 1956, kom hér fyrir dóminn 22. desember sl.

Vitnið kvaðst minnast þess, að ákærði, Snæbjörn Sigurðsson og Ásmundur Sigurðsson komu að Austurey II á bifreið ákærða, en vitnið kvaðst ekki haf séð, hver ók bifreiðinni.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð áfengisáhrif á ákærða, og vitnið kvaðst ekki hafa séð hann neyta áfengis, en vitnið kvaðst hafa verið með ákærða í Austurey II í 1 ½ - 2 klukkutíma, en þá hafi vitnið og Snæbjörn Sigurðsson farið út í hús til þess að skoða hrúta vitnisins, en þegar þeir komu til baka hálf tíma síðar, þá voru þeir ákærði, Ásmundur og Bjarki, vinnumaður vitnisins, farnir á bifreið ákærða.

Vitnið sagði, að í framangreint sinn hefði Snæbjörn Sigurðsson haft vodkasfleyg meðferðis, og kvaðst vitnið hafa þegið sopa úr fleygnum og sömuleiðis Ásmundur, en vitnið sagði, að þeir félagar hefðu ekki haft með sér meira áfengi en þennan fleyg.

Vitnið Tómas Jónsson lögregluvarðstjóri, Tryggvagötu 24 á Selfossi, fæddur 26. janúar 1933, kom hér fyrir dóminn 4. febrúar sl.

Vitnið kvaðst þora að fullyrða, að ákærði hefði ekki verið beittur hótunum um innilokun eða öðrum harðræðum við yfirheyrslu hjá vitninu vegna þessa máls.

Aðspurt sagði vitnið, að það gæti hugsast, að ákærði hafi verið á tali við Jón Guðmundsson yfirlögregluþjón, áður en ákærði var yfirheyrður af vitninu um mál þetta, og sagði vitnið, að það viti ekki, hvað þeim ákærða og Jóni fór á milli. Þá kvaðst vitnið telja, að það hafi bent ákærða á, að hann gæti fengið sér skipaðan réttargæslumann, og kvaðst vitnið telja þetta tekið fram í skýrslu vitnisins af ákærða, þann 11. nóvember 1980.

Vitnið Jón Ingibergur Guðmundsson, yfirlögregluþjónn í Árnessýslu, Sunnuvegi 9, Selfossi, fæddur 20. október 1923, kom hér fyrir dóminn 29. október sl. og 5. febrúar sl.

Vitnið kvaðst ekki minnast að hafa sagt við ákærða, að hann eða Ásmundur yrðu kyrrsettir, meðan mál þetta væri í rannsókn hjá lögreglunni,

og vitnið kvaðst ekki hafa hótað að loka ákærða inni, en kvaðst hins vegar hafa sagt, að þeir ákærði og vitnin Bjarki Jóhannesson og Ásmundur Sigurðsson yrðu að vera hjá lögreglunni, meðan málið væri rannsakað, og sagði vitnið, að þegar það sagði þetta, hafi það ekki meint, að það væri að hugsa um að loka ákærða og vitnin inni í fangageymslu, enda hafi slíkt ekki komið til tals.

Þegar litið er til þess, að ákærði hefur hér fyrir dómi lýst því yfir, að hann hafi játað á sig ölvun við akstur bifreiðarinnar X 3898 fyrir lögreglu 11. nóvember 1980 vegna harðræðis, sem lögreglan hafi beitt hann, en við frekari rannsókn virðist slíkt harðræði ekki hafa verið fyrir hendi, og þegar litið er til framburða ákærða og vitnanna Ásmundar Sigurðssonar og Bjarka Jóhannessonar fyrir lögreglu um áfengisneyslu og önnur ölvunareinkenningar ákærða, áður en hann hóf aksturinn, þykir verða að leggja framburð vitnanna og ákærða fyrir lögreglu til grundvallar í máli þessu, þrátt fyrir að ákærði og vitnin hafi dregið framburði sína fyrir lögreglu til baka fyrir dóminum, hvað varðar ölvun ákærða við akstur framangreindrar bifreiðar.

Samkvæmt framansögðu þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru og þykir þar réttilega heimfærð til refsíákvæða, en það athugist, að í ákæruskjali er sagt, að ákærði hafi ekið bifreiðinni X 3898 frá Efstadal í Laugardalshreppi, Árnessýslu, að Austurvegi þar í hreppnum, en þar mun eiga að standa Austurey, en ekki Austurvegur.

Ákærði, sem er sakhæfur, hefur samkvæmt sakavottorði í dskj. VII sætt refsingu sem hér segir:

1980 11/8 í Árnessýslu: Sátt, 150 þús. króna sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 24. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 11. ágúst 1980.

Með hliðsjón af 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir verða að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Loks þykir verða að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Snæbjörn Björnsson, greiði kr. 7.000.00 í sekt til ríkissjóðs,

og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. apríl 1983.

Nr. 33/1981. **Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co.**

(Gunnar Sólmes hrl.)

gegn

Snævari Ívarssyni

og gagnsök

(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og settir hæstaréttardómarar Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. febrúar 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. janúar sama ár. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum gagnáfrýjanda og þess, að málskostnaður falli niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 16. júní 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. maí sama ár. Sú gagnsök féll niður vegna útivistar 2. nóvember, en málinu var gagnáfrýjað að nýju 20. nóvember 1981. Hann krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 56.423.85 krónur auk 19% ársvaxta frá 3. mars 1978 til